

1862.

1862.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um laxveiði og veiði í vötnum og ám á Íslandi. 17. janúar.

Utanríkisstjórnin hefir með bréfi 25. októberm. f. á. sent hingað eptirrit af skjali frá hinum enska sendiherra, sem hér er, biður hann um ýmsar skýrslur, er snerla laxveiði og veiði í vötnum og ám á Íslandi; og hefir því utanríkisstjórnin mælt til við dómsmálastjórnina, að hún skýri svo frá málinu, að sendiherranum verði gefin skýrsla um þau atriði, er nú skal greina:

um þau lög, er ákveða um fiskiveiðar þær, er nú voru nefndar;

um það, hvort einstakir menn eður hið opinbera hafi fiskiveiðar þessar að nokkru eður öllu leyti;

um það, hvort haft sé nokkurt eptirlit með þeim af hálfu hins opinbera;

um það, hvort til seu nokkrar ákvarðanir um veiðiaðferðina, eða hvort settar seu nokkrar takmarkanir í því efni,

og um önnur atriði þessa málefnis, sem álíta megí að hafi almenna þýðing.

Í þessu efni lætur ekki dómsmálastjórnin hjá líða að gefa utanríkisstjórninni til vitundar, að einstakir menn eingöngu hafa veiði í vötnum og ám á Íslandi, án þess haft sé nokkurt eptirlit með því af hálfu hins opinbera. Þær einu lagaákvarðanir, sem til eru um veiði þessa, eru í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., og fylgir eptirrit þar af, en að öðru leyti hefir dómsmálastjórnin ekki neinu við að bæta, sem hefir almenna þýðing í þessu máli. Skyldi síðasta spurningin lúta að hinum íslenzku verzlunarlögum, þá lætur stjórnarráðið með fylgja til hliðsjónar fyrir utanríkisstjórnina útdrátt af hinum helztu lagaboðum um verzlunina á Íslandi, sem innanríkisstjórnin hefir gefið út.